

**Nr. 21-020 S 011 Tómas Þorvaldsson GK 10*****Skipverji klemmdist milli poka og rennuþils***

Skipaskr.nr. 2173  
IMO: 9039779  
Smíðaður: Noregur 1992, stál.  
Útgerð: Þorbjörn hf.  
Stærð: 2287 BT.  
Mesta lengd: 66,88 m Skráð lengd: 58,80 m  
Breidd: 14 m Dýpt: 8,46 m  
Vél: Wartsila 3000 kW, 1992  
Fjöldi skipverja: 26



Tómas Þorvaldsson©Bergþór Gunnlaugsson

**Gögn:**

Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd 31. október 2022 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Hirti Emilssyni og Pálma Jónssyni.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 19. mars 2022 var Tómas Þorvaldsson á togveiðum á Selvogsbankatánni. Veður: S 15-18 m/s. Ölduhæð 6 metrar og breytilegt sjólag.

Þegar búið var að hífa, kl. 14:00, og pokinn kominn inn á þilfar var strax farið í að skera á þenslugjarðir. Afli í pokanum var um 20-25 tonn. Þá kom slyngur á skipið með þeim afleiðingum að pokinn rann til og skipverji sem stóð út í rennunni klemmdist milli pokans og rennuþils. Slasaðist skipverjinn alvarlega. Pokinn valt til baka og náði skipsfélagi hins slasaða að kippa honum upp úr rennunni. Skipstjóri ræsti stýrimann og hafði samband við Landhelgisgæsluna. Var ákveðið að senda þyrlu til að sækja hinn slasaða og var stefnan sett til móts við þyrluna.

**Við rannsókn kom eftirfarandi fram:**

- Hinn slasaði var búinn öllum öryggisbúnaði en af einhverjum ástæðum var slökkt á kallkerfinu í hjálmi hans.
- Hinn slasaði heyrði ekki viðvörðun frá skipstjóra um að ólag væri að koma á skipið.
- Renna skipsins var breið og fyllti pokinn ekki rennuna þilja á milli.
- Pokinn sem var notaður var nýr og uppfyllti allar reglur um lengd þenslugjarða.
- Þegar pokinn var kominn inn fyrir var vinnureglan sú að ekki var skorið á þenslugjarðir fyrr en búið var að leysa frá pokanum. Í þessu tilfalli var sú vinnuregla brotin þegar tveir skipverjar, þar á meðal sá er slasaðist, fóru út í rennuna til að skera á þenslugjarðir.

- Þegar pokinn valt út í síðu skipsins komst annar skipverjinn upp á pokann en hinn lenti á milli rennuþils og poka .
- Um borð í skipinu var öryggisstjórnunarkerfi, öryggisnefnd var til staðar en ekki mjög virk og áhættumat fyrir verkþætti hafði verið framkvæmt.
- Skriflegar vinnureglur voru ekki til en skipstjóri skipsins fór jafnóðum yfir með áhöfn ef eitthvað fór úrskeiðis.

***Nefndarálit:***

Orsök óhappsins var sú að ekki var farið eftir verklagsreglum um að fara ekki út í rennu til að skera á þenslugjarðir fyrr en búið er að leysa frá poka.